



## Fundargerð

**414. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 9. nóvember 2017. Þetta er 11. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 6 blaðsíður  
Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.  
Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá

Viðbót við dagskrá:

### II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

11. 1710014 Herjólfsstaðaskóli – afgreiðsla menningarmálanefndar
12. 1711007 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Hannesar Jónssonar um rekstrarleyfi gististaðar í flokki III. Sýslumaðurinn á Suðurlandi. dags. 09.11.2017

Dagskrárbreyting samþykkt.

### Sveitarstjóri og oddviti greiða frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Sveitarstjóri fór ásamt oddvita og varaoddvita á ársping SASS 19. og 20. október sl. Aðalfundur Bergrisans fór fram á Selfossi og mættu sveitarstjóri og oddviti á þann fund. Sveitarstjóri fór á fund ásamt forstjóra Byggðastofnun og starfsmönnum verkefnisins Brothaettar byggðir í Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu sem fulltrúi byggðarlags þar sem farið var yfir verkefnið. Fundur var haldinn með hagsmunaaðilum um þekkingarsetur á Selfossi. Næstu skref eru að leita eftir formlegum yfirlýsingum hagsmunaaðila um aðkomu að verkefnið ásamt rýmisþörf. Sveitarstjóri fór á kynningarfund Félags- og skólapjónustu Rangársvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Annar fundur var haldinn í starfshópi um raforkuflutning í dreifsbýli og stefnt að næsta fundi í lok nóvember. Sveitarstjóri átti fund með stjórnformanni og framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs vegna heilsársopnunar Skaftárstofu. Undirbúnin gerðar vegna endurskoðunar og uppgjörs vegna 2017 er farin af stað. Framundan er fundur í Vík með fulltrúum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vegna skýrslu starfshóps um eflingu byggðar og atvinnulífs á svæðinu milli Markarfljóts og Öræfa þar sem fara á yfir niðurstöður skýrslunnar. Einnig hefur sveitarstjóri verið boðaður á fund Veðurstofu Íslands 16. nóvember nk. þar sem kynna á stöðu á hættumati vegna Skaftárhlaupa.

### Dagskrá

#### I. Fundargerðir til samþykktar

1. 1709005 Fundargerð 132. fundar skipulagsnefndar. dags. 07.11.2017
1. **1706011 Íþróttavöllur á Kirkjubæjarklaustri**

Æskulýðs- og íþróttaneftnd fjallaði um framtíðarstaðsetningu á íþróttavelli á 69. fundi sínum þann 25. maí sl. þar sem því var beint til sveitarstjórnar að huga að því að stækka fyrirhugaðan reit undir íþróttavöll á Klaustri sem ekki væri nægilega stór til að rúma löglegan fótboltavöll. Sveitarstjórn fól skipulagsnefnd á 410. fundi sínum þann 21. júní sl. að vinna málið áfram.

*Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að skoða kosti fyrir hentugt svæði fyrir íþróttavöll.*



# Skaftárhreppur

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

## 2. 1711003 Umsókn um stofnun lóðar í landi Keldunúps landnúmer 163392

Rúnar Þorri Guðnason kt. 121187-3379 sækir um stofnun 6248m<sup>2</sup> lóðar í landi Keldunúps landnr. 163392.

*Samþykkt í skipulagsnefnd. Byggingarfulltrúa falið að ljúka málín  
Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

*Eva Björk Harðardóttir lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og vikur af fundi og felur Heiðu Guðnýju Ásgeirs dóttir varaoddvita stjórn hans.*

## 3. 1606004 Breyting á deiliskipulagi í landi Efri-Víkur

Tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi sem snýr að legu aðkomuvegar að Selhólavegi 6.

*Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að kynna tillöguna skv. 2. gr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og senda til Selhólavegar 3 5, 7, 9, 10 og 12, Sauðagötu 1 og til Vegagerðarinnar.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

*Eva Björk Harðardóttir kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.*

## 4. 1612005 Breyting á deiliskipulagi Skaftárvalla

Breytingin snýr að stærð lóða Skaftárvalla 28 og 30 í deiliskipulagi Skaftárvalla. Lóðin var áður parhúsalóð en er nú raðhúsalóð. Lóðin Skaftárvellir 30 minnkar að sama skápi úr 1431m<sup>2</sup> í 1286m<sup>2</sup>.

*Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að kynna tillöguna skv. 2. gr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.*

*Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.*

2. 1604045 Fundargerð 25. fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar. 29.10.2017

1. Virkjun í Hverfisfljóti – beiðni um umsögn. Skipulagsstofnun 24. október 2017

Jóna Björk formaður setur fundinn.

### Virkjun í Hverfisfljóti – beiðni um umsögn. Skipulagsstofnun 24. október 2017

Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn umhverfis- og náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps um frummatsskýrslu um virkjun í Hverfisfljóti.

*Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps vísar í 2. mgr. 61. gr Náttúruverndarlaga nr. 60 frá 2013 þar sem Skaftárelnahraun er verndað sem hraun frá nútíma. Einnig njóta sérstakrar verndar „fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki“. Auk þess skal samkvæmt 69. gr sömu laga gæta þess við hönnun vega, virkjana, verksmiðju og annarra mannvirkja að þau falli sem best að svipmóti lands. Jafnframt skal taka tillit til 3. gr. sömu laga þar sem fram kemur að standa skuli vörð um óbyggð viðerni landsins.*

*ABR  
HGA*



# Skaftárhreppur

Mælist umhverfis- og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps til þess að á áhrifasvæði virkjunarframkvæmda verði forðast að spilla ofangreindum náttúrufyrirbærum eins og kostur er.

Samþykkt af Jóhannesi Gissurarsyni og Sveini Jenssyni. Jóna Björk Jónsdóttir Z-lista situr hjá og óskar bókunar:

Í frummatsskýrslunni kemur fram að mannvirki fyrirhugaðrar framkvæmdar og námusvæði eru staðsett á eldhrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61 gr. Náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Hraunið er einstakt á heimsvísu bæði vegna stærðarinnar (í skýrslunni er stærð þess þó of metin þar sem hraunið er um 600 km<sup>2</sup> að flatarmáli en ekki 6000 km<sup>2</sup>). Fossar og nánasta umhverfi þeirra er verndað samkvæmt sömu grein „að því leyti að sýn að þeim spillist ekki“ í frummatsskýrslunni segir að stöðvarhús verði staðsett nokkuð sunnan Lambhagafossa og þaðan mun þrystipipa liggja að inntaki upp hliðar Brunnárhrauns sem mun hafa áhrif á ásýnd fossins sem er andstætt náttúruverndarlögum.

Mannvirkin og annað rask sem af virkjuninni verður hefur mikil áhrif á viðerni sem eru að hluta ofan hálandislinu, skv. 3. gr. Náttúruverndarlaga ber að standa vörð um óbyggð viðerni landsins. Í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010 til 2022 er ekki fjallað um viðerni og þarf að endurskoða aðalskipulag sveitarfélagsins meðal annars með hliðsjón að nýjum náttúruverndarlögum, landskipulagsstefnu 2015 til 2026 og áfangastaðaáætlun DMP sem nú er í vinnslu innan Köllu jarðvangs og hjá Ferðamálastofa og Stjórnstöð ferðamála.

Náttúruverndarlögum 3 grein nr. 60/2013 segir að varðveita eigi landslag sem er sérstætt eða fágætt eða sérlega verðmætt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis. Vatnsfarvegur Hverfisljóts er einstakur á heimsvísu. Áin rennur við stærstu hraunbreiða sem runnið hefur á sögulegum tíma sem er merkileg bæði vegna stærðarinnar, þess að gosið hafði gríðarlega áhrif á veðurfar á öllu norðurhveli jarðar og þeirra merku samtímaheimilda sem til eru um framgang gosins í Eldriti Sr Jóns Steingrímssonar. Þar að auki er eitt yngsta gljúfur heims nú að myndast þar sem virkjunin er fyrirhuguð. Parna er um fagurfræðilega og menningarlega merkilegt svæði að ræða.

Í skýrslunni kemur fram að lagður verður jarðstrengur frá virkjuninni en ekki er farið nánar í þá framkvæmd, lengd, legu, efnistöku eða annað. Í reglugerð um mat á umhverfisáhrif segir að upplýsingar um framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir þurfi að koma fram.

Virkjunin hefur mikil neikvæð áhrif á einstakt svæði og jarðmynjar sem njóta verndar náttúruverndarlag auk þess sem hún skerðir stórt svæði við Sernis með óafturkræfum hætti.

Formanni falið að senda umsögn umhverfis- og náttúruverndarnefndar til Skipulagsstofnunar.

Eva Björk Harðardóttir, Sverrir Gíslason, Bjarki Guðnason og Jóhannes Gissurarson samþykkja afgreiðslu Sveins Jenssonar og Jóhannesar Gissurarsonar. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir situr hjá við afgreiðsluna en tekur undir bókun Jónu Bjarkar Jónsdóttur.

3. 1604047 Fundargerð 28. fundar Félags- og skólapjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. 31.10.2017.

1. Drög að fjárhagsáætlun Félagsþjónustunnar fyrir árið 2018

Bókun: Stjórnin samþykkir fyrirliggjandi drög að fjárhagsáætlun fyrir sitt leiti.  
Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir fjárhagsáætlunina fyrir sitt leyti.

2. Drög að fjárhagsáætlun Skólapjónustunnar fyrir árið 2018

Bókun: Stjórnin samþykkir fyrirliggjandi drög að fjárhagsáætlun fyrir sitt leiti.  
Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir fjárhagsáætlunina fyrir sitt leyti.

4. Helga Lind, Starfandi félagsmálastjóri kynnir tillögur að breyttu fyrirkomulagi að skipulagi félagslegrar heimaþjónustu.

BBJ  
HGA



# Skaftárhreppur

Bókun: Stjórnin tekur vel i tillögurnar og leggur til við sveitarstjórnir að sveitarfélögin í Rangárvallasýslu taki upp fyrirkomulagið til reynslu.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir afgreiðslu stjórnar Félags- og skólaþjónustunnar fyrir sitt leyti.

5. Helga Lind, starfandi félagsmálastjóri gerir grein fyrir stöðu starfsmannamála innan félagsþjónustunnar.

Bókun: Stjórnin samþykkir fyrir sitt leiti að starfandi félagsmálastjóri auglýsi eftir félagsráðgjafa til afleysinga í 100% starfshlutfall i eitt ár.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir afgreiðslu stjórnar Félags- og skólaþjónustunnar fyrir sitt leyti.

7. Stjórn félags- og skólaþjónustunnar sem og félagsmálanefnd hafa ekki tekið inn hækken á stjórnar og nefndarlaunum skv. ákvörðun kjararáðs á árinu 2016. Stjórn samþykkir nú að taka inn umrædda hækken frá áramótum 2018.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir afgreiðslu stjórnarinnar fyrir sitt leyti en bendir á að ekki hafi öll sveitarfélög tekið hækken kjararáðs sem leiði til ákveðins misræmis fyrir aðra nefndarmenn sveitarfélaganna.

## II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1711001 Ákvörðun um útsvar 2018

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir að útsvarshlutfall ársins 2018 verði 14,52 %

2. 1710006 Beiðni um umsögn um breytingu á umsókn á rekstrarleyfi gististaðar í flokki II á Prestsbakka. Sýslumaður Suðurlands. dags. 26.10.2017

Sveitarstjórn Skaftárhrepps gerir ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

3. 1710020 Styrbeiðni 2018. Félag eldri borgara. dags. 20.10.2017

Sveitarstjórn þakkar erindið og vísar því til umræðu um fjárhagsáætlun 2018.

4. 1702013 Fræðslustjóri að láni – lokaskýrsla ásamt fræðsluáætlun. Fræðslunet símenntun á Suðurlandi.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar Fræðsluneti símenntun á Suðurlandi fyrir góða vinnu við gerð fræðsluáætlunar og felur sveitarstjóra og forstöðumönnum stofnanna sveitarfélagsins að koma henni í framkvæmd í samvinnu við starfsmenn Fræðslunetsins. Kostnaðaráætlun vísað til vinnu fjárhagsáætlanagerð sveitarfélagsins 2018.

5. 1606015 Drög að samstarfssamningi Skaftárhrepps og Orkufjarskipta hf. um lagningu ljósleiðara. dags. 20.10.2017.

Sveitarstjórn samþykkir drögin að samstarfssamningnum og felur sveitarstjóra að ljúka við gerð hans í samvinnu við Orkufjarskipti hf. og undirrita hann fyrir sína hönd.

6. 17011002 Skaftárhreppur vindorka. Arnar Bjarnason og Ketill Sigurjónsson. dags. 01.11.2018

Sveitarstjórn þakkar erindið og samþykkir að fá frekari kynningu á verkefninu.

7. 1604019 Tímabundin niðurfelling gatnagerðargjalda – framlenging

Vegna mikils skorts á íbúðarhúsnaði á Kirkjubæjklaustri samþykkir sveitarstjórn að ekki verði innheimt gatnagerðargjöld af íbúðarhúsnaði af hálfu einstaklinga og verktaka á Kirkjubæjklaustri. Þetta er gert á grundvelli lækkunarheimildar sem veita má samkvæmt



# Skaftárhreppur

6. grein laga um gatnagerðargjöld nr. 153/2006. Ákvæðið gildir fyrir nýbyggingar og miðast við að framkvæmdir heffist fyrir lok árs 2018.
8. 1711006 Beiðni um fjárstuðning. Friður og frumkraftar. dags. 06.11.2017  
*Sveitarstjórn pakkar erindið og visar því til umræðu um fjárhagsáætlun 2018.*
9. 1603022 Viðauki við samning um verkefnið „Skaftárhreppur til framtíðar“  
*Sveitarstjórn Skaftárhrepps fagnar því að verkefnið „Skaftárhreppur til framtíðar“ verði fram lengt til-loka árs 2018 og staðfestir samninginn.*
10. 1708002 Fjárhagsáætlun Álftaversafréttar 2018. Fjallskilanefnd Álftaversafréttar.  
02.10.2018  
*Sveitarstjórn visar erindinu til vinnu við fjárhagsáætlun 2018.*

*Jóhannes Gissurarson lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta dagskrárlíðar og víkur af fundi.*

11. 1710014 Herjólfsstaðaskóli – afgreiðsla menningarmálaneftnar  
*Fyrir fundinum liggr eftirfarandi ályktun menningarmálaneftnar vegna fyrirspurnar um Herjólfsstaðaskóla sem sveitarstjórn vísaði til nefndarinnar á síðasta fundi;*  
**Ályktun** Menningarmálaneftnar vegna fyrirspurnar Arndísar Sædísar Jóhannsdóttur varðandi skólahús Herjólfsstaðaskóla (sjá viðheft bréf Arndísar Sædísar Jóhannsdóttur.) Húsið hefur verið í notkun sem íbúðarhús síðastliðin ár, og því ekki notað sem félagsheimili Álftaversmanna. Eftirfarandi teljum við æskilegt að verði framkvæmt varðandi útleigu hússins;
  - Ástandsskoðun fari fram á húsinu, og leigutaki skrifit undir að húsið sé leigt í því ástandi sem ástandsskoðun segi til um.
  - Leiguverð ákvároðist af fermetra leiguverði Skaftárhrepps á öðrum íbúðum í útleigu
  - Að þessi notkun hússins / útleiga til íbúðarnotkunar – þurfi að bera undir Álftaversmenn og fá þeirra samþykki, að Herjólfsstaðaskóli verði ekki til notkunar sem félagsheimili Álftavers.

*Sveitarstjórn pakkar menningarmálaneftnd ályktunina. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga frá leigusamningi með hliðsjón af ályktuninni.*

*Jóhannes Gissurarson kemur aftur til fundarins.*

12. 1711007 Beiðni um umsögn vegna umsóknar Hannesar Jónssonar um rekstrarleyfi gististaðar í flokki III. Sýslumaðurinn á Suðurlandi. dags. 09.11.2017  
*Eva Björk Harðardóttir, Sverrir Gíslason, Jóhannes Gissurarson og Heiða Guðný Ásgeirsóttir gera ekki athugasemd við veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila. Bjarki Guðnason situr hjá við afgreiðsluna þar sem hann er umsagnaraðili á síðari stigum málsins.*

## III. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð 182. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands. dags. 18.10.2017. *Fundargerð kynnt.*
2. 524. Fundargerð stjórnar SASS. dags. 04.10.2017. *Fundargerð kynnt.*
3. 525. Fundargerð stjórnar SASS. dags. 18.10.2017. *Fundargerð kynnt.*
4. 1708002 Fjallskilaseðill Álftaversafréttar. 21.08.2017. *Fundargerð kynnt.*
5. 1603021 Fundargerð aðalfundar Bergrisans bs. 25.10.2017. *Fundargerð kynnt.*

116/19  
AB



## Skaftárhreppur

### IV. Annað kynningarefni.

1. 1710018 Reglubundið eftirlit, 18.08.2017, á urðunarstað Skaftárhrepps. Umhverfisstofnun, dags. 23.10.2017. *Kynnt.*
2. Magn úrgangs 2018 – Sundurliðun gagna á atvinnugreinaflokkun og sveitarfélög. Umhverfisstofnun, dags. 19.10.2018. *Kynnt.*
3. 1711004 Ágóðahlutagreiðsla 2017. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands. dags. 30.10.2017. *Kynnt.*
4. Samantekt samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félag grunnskólakennara. Október 2017. *Kynnt.*

Næsti fundur áætlaður fimmtudaginn 14. desember 2017

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl. 15:00

Eva Björk Harðardóttir

Jóhannes Gissurarson

Heiða Guðný Ásgeirs dóttir

Bjarki Guðnason

Sverrir Gíslason